

FUNDARGERÐ

Fyrsti fundur samstarfshóps um endurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið Surtsey haldinn í fjarfundi á Teams fimmtudaginn 29. ágúst kl. 10:00.

Mættir:

Ingibjörg Marta Bjarnadaóttir og Ragnheiður Björk Sigurðardóttir,
Umhverfisstofnun
Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Náttúrufræðistofnun
Halla Svavarsdóttir, Vestmannaeyjabær
Svanhildur Egilsdóttir og Lilja Gunnarsdóttir, Hafrannsóknarstofnun

Forföll

Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir, Surtseyjarfélagið
Ólafur Einar Lárusson, Vestmannaeyjabær

Dagskrá fundar:

- Kynning Umhverfisstofnunar á stjórnunar- og verndaráætlun
- Verkáætlun
- Greining hagsmunaaðila
- Næstu skref í vinnu stjórnunar- og verndaráætlunar
- Tilhögun og efni funda ráðgjafanefndar um friðlandið
- Annað

Efni fundar:

Umhverfisstofnun kynnti skipun samstarfshóps, hlutverk hans og vinnu og verklag við gerð stjórnunar- og verndaráætlana hjá stofnuninni.

Farið var yfir uppsetningu og innihald stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Surtsey.

Umhverfisstofnun upplýsti um stöðu og áskoranir við fjármögnun stærri þyrlupalls í eygni. Stofnunin vinnur að lausn þess máls og mun vera í samstarfi við m.a. Náttúrufræðistofnun og Landhelgisgæsluna vegna þessa.

Ákveðið var að fá kynningu frá sérfræðingi Umhverfisstofnunar um viðbrögð við bráðamengun á hafi og hvernig þeim væri háttað við Surtsey.

Þar sem samstarfshópurinn er skipaður tveimur fulltrúum frá Hafrannsóknarstofnun og Vestmannaeyjabæ var það samþykkt var af hálfu fulltrúa Hafrannsóknarstofnunar og Vestmannaeyjabæjar að það mun teljast fundarfært ef einungis annar fulltrúi kemst á boðaða fundi samstarfshópsins. Þar sem annar fulltrúi Vestmannaeyjabæjar var fjarverandi verður óskað afstöðu hans um sama mál.

Næsti fundur samstarfshóps verður fimmtudaginn 26. september kl. 11:00.
Flaira ekki rætt. Fundi slitið kl. 10:50.